

Varðar: Elliðaá, Elliðavatnsstífla – framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. desember 2023 var lögð fram umsókn Veitna ohf., dags. 13. desember 2023, um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðs eftirlits og vöktunar í Elliðaárstíflu. Í framkvæmdinni felst lagning rörs út í Elliðaá, sem inniheldur rennslismæli, inn í mannvirki Veitna sem er undir Breiðholtsbrúnni. Einnig er lögð fram kynning Verkís á vöktun, mælingum og eftirliti Elliðavatnsstíflu, teikningahefti Verkís, dags. 21. nóvember 2022, um stjórnbúnað fyrir rennslismæla, minnisblað Verkís, dags. 31. mars 2023, um lokur og stjórnbúnað, verkeikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Verkís, dags. 5. og 7. desember 2023 og yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu framkvæmda.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti af gildandi deiliskipulagi, samþykkt 15. desember 2020

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið staðsett í borgarhluta 7 Árbæ (austan megin Elliðaáa) og tilheyrir opnu svæði OP4 Elliðaárdalur, sem er hverfisverndaður borgargarður.


Deiliskipulag: Fyrir svæðið er í gildi deiliskipulag, samþykkt 15. desember 2020, með síðari breytingu.

Lýsing á framkvæmd


Verkið felur í sér lagningu á röri með rennslismæli út í Elliðaár, rétt norðan við Breiðholtsbrú og tenging hans við mannvirki Veitna sem staðsett eru undir Breiðholtsbrú, sem fyrirbyggjandi aðgerð sem snýr að vöktun og stýringu á Elliðavatnsstíflu.

Verkið innifelur lagningu á röri með rennslismæli úti ána, lagningu brunns við árbakkann og lagningu idráttarröra frá brunni inn í mannvirki Veitna undir Breiðholtsbrúnni. Innifalið í verkinu er upprif núverandi yfirborðs á framkvæmdasvæði; gróðurs og reiðstígs og frágangur að verki loknu; landmótun og frágangi gróðursvæða við brúna og lagfæringu á reiðstíg. Gert er ráð fyrir að gerð sé hjáleið vegna reiðleiðar meðan á verkinu stendur. Ekki er gert ráð fyrir að grafa þurfi djúpt í jörðu svo koma megi idráttarrörum fyrir og ekki er gert ráð fyrir að verkið taki langan tíma, ca. tvo daga.

Verkinu er áfangaskipt, fyrsti er áfangi er vinna við lokabrunn og jarðrask frá honum að reiðstíg en seinni áfanginn er jarðrask yfir reiðstíg og að mannvirki Veitna undir brúnni. Í þeim áfanga er gert ráð fyrir að gera bráðabirgða reiðstíg. Áfangaskiptinguna má sjá á verkeikningum vinnusvæðamerkinga.



Yfirlitsmynd framkvæmda



Verkeikning vinnusvæðamerkinga, fyrri og seinni áfangi

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða breytingu á stofn-, dreifi- og flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna. Framkvæmdin telst ekki umfangsmikil og mun ekki valda íbúum raski þar sem framkvæmdasvæðið er utan alfararleiðar íbúa, utan reiðstígs. Framkvæmdin telst utan hverfisverndað svæðis skv. deiliskipulagi en þó skal taka tillit til gróðurs og lífríkis við upprif gróðurs og landmótun, sérstaklega við árbakkann þar sem hann er hverfisverndaður skv. aðalskipulagi.

Framkvæmdin mun auðvelda vöktun og stýringu á rennsli um Elliðavatnsstíflu, tryggja öruggt rennsli um hana og lágmarka vandamál vegna klaka og iss eins og lýst er í minnisblaði Verkis dags. 31. mars 2022. Öruggt rennsli árinna styður við lífríki Elliðavatns.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður tveir til fjórir dagar. Gert var ráð fyrir að klára framkvæmdir fyrir júl 2023 en þær munu frestast fram í janúar eða febrúar. Eftir að framkvæmdatíma lýkur skal öllum frágangi lokið, þar með talið á gróðri og reiðstíg.

Í aðalskipulagi eru árnar og nánasta umhverfi þeirra hverfisverndaðar en auk þess nýtur svæðið næst Elliðaánum hverfisverndar í deiliskipulagi. Framkvæmdin telst utan hverfisverndað svæðis skv. deiliskipulagi en innan skv. aðalskipulagi. Hverfisvernd getur verið af sagnfræðilegum, menningarlegum eða líffræðilegum ástæðum og er ætlað að vernda þau atriði sem eiga þátt í að skapa hverfinu sérstöðu og móta ímynd þess og anda. Innan svæða þar sem er í gildi hverfisvernd þarf að sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir, í þessu tilfelli til að valda ekki óæskilegu raski á lífríki, gróðri og minjum innan dalsins.

Framkvæmdin er í samræmi við markmið aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir veitumannvirkjum innan borgargarðsins og er í samræmi við deiliskipulag þar sem hún styður við lífríki árinna með jöfnu rennsli allan ársins hring.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í Elliðaárdal. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2040 þar sem gert er ráð fyrir veitumannvirkjum innan borgargarðsins og er í samræmi við deiliskipulag þar sem hún styður við lífríki árinna með jöfnu rennsli allan ársins hring.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til tveggja mánaða miðað við útgáfudag í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir teyfjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að um opið svæði er um að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um merkingar, hávaða og rask þannig að framkvæmdin valdi eins

Ítilli truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess á hverfisvernduðu svæði.

Ekki skal nota aðflutta gróðurþekju og jarðveg sem gæti innihaldi fræ með framandi tegundum. Við frágang á svæðinu skal endurnota gróðurþekju og jarðveg til þess að endurheimta staðargróður og milda áhrif framkvæmdar á líffræðilega fjölbreytni.

Framkvæmdin er ekki á verndarsvæði minja skv. deiliskipulagi en rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri